

Fyrirspurn E 2/2024
Flytjendur Stjórnsýsluhindranahópurinn
Til Ríkisstjórnar Svíþjóðar

Skrifleg fyrirspurn um mismunandi kröfur um merkingu lyfja og um tungumál á fylgiseðlum með lyfjum

Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Komið hefur í ljós að þessi stjórnsýsluhindrun, sem hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá árinu 2016, hefur ekki verið afgreidd hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn.

Ólíkar kröfur um merkingar lyfja í norrænu löndunum og um að fylgiseðill skuli vera á eigin tungumáli lands geta leitt til minna framboðs á norræna markaðnum. Þessar kröfur eru stjórnsýsluhindrun sem hefur sérstaklega áhrif á smáa markaði á borð við þann íslenska þegar íslensku er ekki að finna í fylgiseðli.

15. og 16. nóvember 2018 ákvað ÄK-S í Norrænu ráðherranefndinni að biðja Svíþjóð og Ísland um að undirbúa frekari afgreiðslu málsins í sameiningu.

Þessi stjórnsýsluhindrun hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráði Norrænu ráðherranefndarinnar og henni var beint til viðkomandi ráðherrar árið 2016, fyrir 7 árum, auk þess sem Svíþjóð og Ísland ákváðu fyrir fimm árum að skoða málefnið nánar.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar við frekari afgreiðslu þessarar hindrunar frá árinu 2018?

Til upplýsingar hefur hindrunin verið sett í forgang af eftirfarandi meðlimum Stjórnsýsluhindranaráðs frá árinu 2016: Siv Friðleifsdóttir, Íslandi, Jens Heinrich, Grænlandi og John Johannessen.

Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 17-016: <https://www.norden.org/sv/border-database/olika-krav-pa-markning-av-lakemedel-och-olika-krav-pa-sprak-bipacksedel>



Läs mer från Gränshinderrådets årsrapport <https://pub.norden.org/politknord2023-701/#113721>

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

Per-Arne Håkansson (S)
Anna-Kristiina Mikkonen (sd)
Kim Berg (sd)
Truls Vasvik (A)
Ann-Sofie Alm (M)
Heikki Autto (saml)
Johan Hultberg (M)
Maria Stockhaus (M)

Catarina Deremar (C)
Johan Dahl (sb)
Kjell-Arne Ottosson (KD)
Ola Elvestuen (V)
Sandra Listerby (Lib)
Victoria Tiplom (SD)
Tor André Johnsson (FrP)